

Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 5. júní 2026.

Mál nr. E-548/2026:

Alcoa Fjarðaál sf.

(Sigurður Kári Kristjánsson lögmaður)

gegn

Samskipum hf. og

Samskip Holding B.V.

(Hörður Felix Harðarson lögmaður)

Eimskipafélagi Íslands hf. og

Eimskip Ísland ehf.

(Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður)

Úrskurður

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. maí 2026, höfðaði Alcoa Fjarðaál sf., [...], 17. desember 2025, gegn Samskipum hf., [...], og Samskip Holding B.V., [...], Eimskipafélagi Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf., [...].
- Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi: Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi óskipt skaðabótaábyrgð stefndu á tjóni sem stefnandi varð fyrir vegna brota stefndu gegn banni 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssamninginn, við ólögmætu samráði með samningum og samstilltum aðgerðum sem hófust í síðasta lagi 6. júní 2008 og lauk árið 2013 og fólust í eftirfarandi aðgerðum, öllum eða hluta þeirra:
 - Samráði á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi.
 - Samráði um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.
 - Samráði um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum.

4. Samráði um landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum.
5. Samráði um sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda, um gagnkvæma leigu eða lán á gámum og aðrar aðgerðir sem miðuðu að því að raska samkeppni í flutningaþjónustu.
6. Samráði um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku þegar ekki var í gildi undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.
3. Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar óskipt.
4. Stefndu hver um sig krefjast þess að málinu verði vísað frá dómi og þeim dæmdur málskostnaður.
5. Með vísan til lokamálsliðar 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála lögðu stefndu einungis fram greinargerðir er lutu að kröfum þeirra um að málinu yrði vísað frá dómi. Í þessum þætti málsins eru frávísunarkröfur stefndu sem sóknaraðila til umfjöllunar í samræmi við málatilbúnað. Stefnandi sem varnaraðili krefst þess að frávísunarkröfunum verði hafnað og krefst málskostnaðar úr hendi sóknaraðila, hvers um sig.

Helstu málsatvik

6. Mál þetta hefur stefnandi höfðað að sögn í tilefni af ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 31. ágúst 2023 í máli nr. 33/2023: *Brot Samskipa gegn banni við ólögmaetu samráði* er laut að rannsókn eftirlitsins á brotum fyrirtækja sem Samkeppniseftirlitið skilgreindi sem efnahagslega einingu í skilningi 3. töluliðar 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og því sem eitt og sama fyrirtækið. Eftirlitið nýtti heitið Samskip sem samheiti fyrirtækjanna og var ákvörðuð sekt á þeim grunni í samræmi við 37. gr. laganna. Þar á meðal voru sóknaraðilarnir Samskip Holding B.V. og Samskip hf. Tekið er fram í ákvörðun eftirlitsins að fyrirtækið Jónar Transport hf. hafi einnig verið fellt undir heitið Samskip en því fyrirtæki er ekki stefnt í máli þessu. Samkvæmt niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins fólust brot þessa aðila sem skilgreindur var á þennan máta í ólögmaetu samráði við fyrirtæki sem eftirlitið nefndi Eimskip en undir það heiti voru sóknaraðilarnir Eimskipafélag Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf. sem og TVG-Zimsen ehf. felldir, en síðastnefndu fyrirtæki er ekki stefnt.
7. Mál það sem hér er til úrlausnar er annað málið sem varnaraðili höfðar á hendur sóknaraðilum í kjölfar framangreindrar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins frá 31. ágúst 2023 þar sem komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að sóknaraðilar, Samskip hf. og Samskip

Holding B.V., hefðu viðhaft ólögmeitt samráð við sóknaraðilana, Eimskipafélag Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf., og með því brotið með alvarlegum hætti gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið.

8. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins mun að meginstefnu hafa tekið til tímabilsins 2008–2013. Með ákvörðuninni var sóknaraðilunum Samskipum hf. og Samskip Holding B.V. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 4.000.000.000 króna. auk þess sem þeim var gert að greiða 200.000.000 króna vegna brota gegn 19. gr. samkeppnislaga. Varnaraðili byggir meðal annars á því í málinu að fjárhæð sektarinnar endurspegli alvarleika lögbrota þessara sóknaraðila.
9. Áður en nefnd ákvörðun var gefin út undirgengust sóknaraðilarnir Eimskipafélag Íslands hf. og tengd félög, þar með talinn sóknaraðilinn Eimskip Ísland ehf., sátt við Samkeppniseftirlitið 16. júní 2021. Í henni var viðurkennt að sóknaraðilarnir hefðu átt í samskiptum og samstarfi við Samskip á rannsóknartímabilinu sem falið hefði í sér alvarleg brot gegn áðurnefndum ákvæðum, þar með talinni 19. gr. samkeppnislaga. Þeir féllust af þessum sökum á greiðslu stjórnvaldssektar að fjárhæð 1.500.000.000 króna.
10. Nánar tiltekið viðurkenndu sóknaraðilarnir Eimskipafélag Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf. sem og tengd félög alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins á rannsóknartímabilinu sem hafi falist í nánar tilgreindum aðgerðum sem gripið hefði verið til eftir fund með Samskipum, eins og það er orðað í sáttinni, sem fram hafi farið 6. júní 2008. Aðgerðirnar hafi endurspeglast í glærुकynningu frá sóknaraðilanum Eimskipafélagi Íslands hf. frá 9. júní 2008 sem hafi verið nefnd *Nýtt upphaf*. Samráðið hafi falist í eftirfarandi upptalningu:
 - Samráð við Samskip á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi.
 - Samráð við Samskip um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.
 - Samráð við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum.
 - Samráð við Samskip um landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum.

- Samráð við Samskip um sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda, um gagnkvæma leigu eða lán á gámum og aðrar aðgerðir sem miðuðu að því að raska samkeppni í flutningsþjónustu.
 - Samráð við Samskip um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku þegar ekki hafi verið í gildi undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga.
11. Þá viðurkenndu sóknaraðilarnir Eimskipafélag Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf. að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins.
 12. Hinu fyrra dómsmáli, nr. E-5370/2024, lauk 18. júní 2025 þannig að það var fellt niður að kröfu varnaraðila sem stefnanda þess. Sú krafa var sett fram í kjölfar þess að áfrýjunarnefnd samkeppnismála kvað upp úrskurð 19. mars 2025 vegna ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 33/2023. Með þeim úrskurði féllst áfrýjunarnefndin ekki á að varnaraðili þessa dómsmáls hefði orðið fyrir háttsemi sem hefði verið í andstöðu við 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Auk þess sem dómsmálið væri fellt niður var varnaraðila gert að greiða sóknaraðilum þessa máls málskostnað.
 13. Framangreint mál sem fellt var niður var höfðað til heimtu skaðabóta að tiltekinni fjárhæð en mál það sem sætir nú úrlausn lýtur að kröfu um viðurkenningu á skaðabótaskyldu sóknaraðila af sama tilefni. Grundvöllur málshöfðunar varnaraðila byggir á niðurstöðu ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins frá 31. ágúst 2023 í máli nr. 33/2023 og fyrrgreindri sátt sóknaraðilanna Eimskipafélags Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf. en gerð er grein fyrir samningssambandi aðila undir fyrirsögninni *um samningssamband aðila* í málsástæðukafla stefnunnar.
 14. Því er lýst að samningssamband varnaraðila og sóknaraðilans Samskipa hf. megi rekja til ársins 2007, áður en útflutningur á afurðum stefnanda hafi hafist til Evrópu. Þessir aðilar hefðu gert með sér flutningasamning (enska: Transportation Agreement for Export Freight Shipments) 10. október 2007 að undangengnu útboði um flutninga milli Reykjavíkur og Rotterdam með viðkomu á Reyðarfirði. Samningurinn kvað meðal annars á um tiltekna tíðni ferða og magn vöru. Þess er getið að í kjölfar bankahrunsins í byrjun október 2008 hafi sóknaraðilinn Samskip hf. óskað eftir því að samningurinn yrði endurskoðaður. Það hafi leitt til þess að gerður var viðauki við samninginn 24. nóvember 2008 (enska: Amendment to Transportation Agreement for Exportation Shipments between Alcoa-Fjarðaál and Samskip 24. nóvember 2008). Þá gerðu aðilar með sér samkomulag (enska:

Settlement) vegna afmarkaðra deiluefna 24. nóvember 2011 og annað samkomulag 6. mars 2013 (enska: Amendment to Transportation Agreement for re-delivery and rental of container equipment between Alcoa-Fjardaal and Samskip). Enn gerðu aðilar með sér samkomulag til lausnar afmörkuðum deiluefnum 15. júní 2016. Skjöl þessi sem eru á ensku voru lögð fram af hálfu varnaraðila án þýðinga í trássi við 1. mgr. 10. gr., sbr. 3. mgr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

15. Fullyrt er af hálfu varnaraðila að breytingar á samningssambandi þessara aðila, einkum þær sem hafi falið í sér breytingar í kjölfar samnings sem gerður var 24. nóvember 2008, hafi leitt meðal annars af sér magnbreytingar, skerta flutningsgetu sóknaraðilans Samskipa hf., verðhækkanir og breytingar í gámaþjónustu. Þær hafi einnig leitt til þess að sóknaraðilinn sem nefndur er Eimskip í stefnu hafi tekið að sér að flytja það umframmagn sem sóknaraðilar nefndir Samskip í stefnu hafi ekki getað flutt fyrir varnaraðila. Ekki verður ráðið af stefnu við hvaða lögpersónur er átt í þessu samhengi en í framangreindum samningum er sóknaraðilinn Samskip hf. tilgreindur sem gagnaðili varnaraðila.
16. Fullyrt er að á þeim tíma þegar þessir samningar hafi verið gerðir hafi ólöglegt samráð sóknaraðila verið hafið án vitneskju varnaraðila og að framangreindar breytingar megi rekja beint til þess. Þær séu í samræmi við þær breytingar sem verkefni sóknaraðila hafi falið í sér sem nefnt hafi verið *Nýtt upphaf*.
17. Því er lýst að varnaraðili hafi einnig átt í samningssambandi við aðila sem nefndur er í stefnu Eimskip. Um hafi verið að ræða samning um hafnarvinnu (enska: Stevedoring Agreement Reydarfjörður Harbour) 21. desember 2006 milli varnaraðila og félags sem bar heitið Eimskipafélag Íslands ehf. en því félagi er ekki stefnt í máli þessu. Við þann samning voru gerðir viðaukar 20. febrúar 2013 og svo aftur 30. júní 2014, en í báðum tilvikum var sóknaraðilinn Eimskip Ísland ehf. gagnaðili varnaraðila tilgreindur í samningsviðaukunum.
18. Þá er getið um að undirritaður hafi verið samningur um flutninga (enska: Contract of Affreightment), 6. september 2007, milli varnaraðila og Hf. Eimskipafélags Íslands og tekið fram að sóknaraðilinn Eimskipafélag Íslands hf. hafi tekið við því samningssambandi án þess að tilgreint sé hvenær það hafi átt sér stað. Þess er svo getið að gerðir hafi verið viðaukar við nefndan samning í tvígang af hálfu sóknaraðilans Eimskip Ísland ehf. (enska: Addendum to the Contract of Affreightment between Eimskip and Alcoa, dated 6th day of November, 2007 (the Contract)), fyrst 18. júlí 2012 og síðar 19. október 2012. Tilgreint er einnig að varnaraðili og Hf. Eimskipafélag Íslands hafi gert með sér

samning 1. apríl 2009 um flutning á áli til Rotterdam, ásamt þjónustusamningi um flutninga á landi, 1. desember 2012. Þá er bent á í stefnu að 23. október 2014 hafi varnaraðili og sóknaraðilinn Eimskip Ísland ehf. gert með sér nokkuð umfangsmikinn ramma-samning um hafnarvinnu (enska: Frame for provisions of Stevedoring Services).

19. Rakið er af hálfu varnaraðila að eftir að *stefndu Samskip* sem svo eru nefndir í stefnu hafi breytt siglingaáætlun sinni haustið 2008 og dregið úr flutningsgetu sinni í flutningum fyrir varnaraðila hafi *stefndi Eimskip* sem svo er nefndur í stefnu tekið að sér umframflutningana sem *stefndu Samskip* gátu ekki sinnt, enda ekki öðrum flutningsaðila til að dreifa. Ekki hafi verið gerðir skriflegir samningar við *stefnda Eimskip* um þá umframflutninga. Í gildi hafi verið samnings samband milli *stefnda Eimskips* og varnaraðila samkvæmt munnlegum samningum og aflað tilboða í hvert sinn sem þörf hafi verið á flutningaþjónustu. Það hafi verið á grundvelli gjaldskrár samkvæmt verðtilboðum sem *stefndi Eimskip* hafi látið í té sem voru hærri en varnaraðila hafi boðist hjá *stefnda Samskipum*. Þess er getið í þessu sambandi að varnaraðili líti svo á með vísan til sáttar sóknaraðilanna Eimskipafélag Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf. við Samkeppniseftirlitið frá 16. júní 2021 að verri kjör megi rekja beint til samráðs sóknaraðila.
20. Fyrir liggur í málinu að Samkeppniseftirlitið gaf út framangreinda ákvörðun sína í máli nr. 33/2023 31. ágúst 2023. Sú ákvörðun grundvallar þessa málsókn varnaraðila sem og þá fyrri, sbr. E-5370/2024 sem lauk 18. júní 2025.

Helstu málsástæður og lagarök stefndu Samskip Holding B.V. og Samskipa hf. sem sóknaraðila

21. Sóknaraðilarnir Samskip Holding B.V. og Samskip hf. byggja á því að umfjöllun í stefnu uppfylli ekki kröfur 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
22. Sóknaraðilarnir byggja frávísunarkröfu sína einkum á því að reifun í stefnu á málsástæðum og atvikum sem varnaraðili telji að leiða eigi til bótaskyldu stefndu sé í heild sinni slíkum annmörkum háð að ekki verði bætt úr undir rekstri málsins. Tilgangur 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála sé að tryggja að stefndi fái skýrar upplýsingar um málsefnið og kröfur stefnanda svo hann geti varið hagsmuni sína á fullnægjandi hátt og dómstóll geti tekið efnislega afstöðu til málsins.
23. Þannig sé kröfugerð varnaraðila bæði víðtæk og valkvæð þar sem hún taki í raun til allra efnispátta ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins án sjáanlegra tengsla við hagsmuni varnaraðila.

24. Í e-lið ákvæðisins skuli í stefnu koma fram málsástæður sem stefnandi byggi málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þurfi að greina til að samhengi málsástæðna verði ljóst. Tilvísanir til annarra gagna málsins séu ekki heimilar.
25. Sá málsgrundvöllur sem leitast sé við að leggja í stefnu gagnvart sóknaraðilum sé að meginstefnu til reistur á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Í stefnu sé einungis með mjög almennum hætti gerð grein fyrir niðurstöðum Samkeppniseftirlitsins um ætluð alvarleg brot sóknaraðila gegn ákvæðum samkeppnislaga og EES-samningsins. Vísað sé til tiltekinna forsendna og niðurstöðu í ákvörðun stjórnvaldsins sem hafi annað hvort ekkert að gera með viðskipti varnaraðila og sóknaraðila á ætluðu brotatímabili og/eða hafa þegar verið felld úr gildi með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 7/2023. Úr því hafi verið leyst fyrir dómi að framsetning á málatilbúnaði á þennan máta samrýmist ekki nefndum staflíð 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála.
26. Lýsing í stefnu á atvikum og samskiptum milli sóknaraðilanna Samskip Holding B.V. og Samskipa hf. og sóknaraðilanna Eimskipafélags Íslands hf. eða Eimskip Ísland ehf., sem varnaraðili telji að eigi að hafa bakað sóknaraðilunum skaðabótaábyrgð, sé auk þess afar takmörkuð. Því síður sé þar að finna reifun eða tilvísun til gagna eða atvika sem varpað gætu ljósi á ætluð ólögmat samskipti eða atvik að öðru leyti í tengslum við viðskipti varnaraðila.
27. Varnaraðili geri í raun afar takmarkaða tilraun til að reifa í hverju ætluð ólögmat háttsemi sóknaraðila eigi að hafa falist gagnvart varnaraðila. Hann vísi þess í stað ítrekað til stjórnvaldsákvörðunar lægra setts stjórnvalds, sem hafi verið felld úr gildi af hálfu æðra setts stjórnvalds um viðkomandi háttsemi.
28. Þessi framsetning sé í andstöðu við e-lið 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála enda verði að gera þá kröfu að atvikum sé þannig lýst í stefnu að samhengi málsástæðna sé ljóst. Sú byrði verði ekki lögð á sóknaraðila eða dómstóla að henda reiður á þeim atvikum eða málsástæðum sem byggt sé á af hálfu varnaraðila með lestri stjórnvaldsákvörðunar sem þegar hafi verið felld úr gildi að stórum hluta.
29. Almennar tilvísanir varnaraðila til sáttar Samkeppniseftirlitsins og sóknaraðilans Eimskipafélags Íslands hf. séu sama annmarka háðar. Þá sé til þess að líta að í umræddri sátt sé ekki einu orði vikið að viðskiptum varnaraðila eða ætluðum samráðsbrotum tengdum þeim viðskiptum. Þannig byggi varnaraðili á því að lögfull sönnun fyrir brotum allra sóknaraðila gegn 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins liggi þegar fyrir. Um það efni sé vísað til sáttarinnar auk þess sem tekið sé fram að jafnframt sé vísað

til ítarlegrar umfjöllunar í forsendum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins á fjölda blaðsíðna, bæði í meginmáli og í neðanmálgreinum í stefnu sem og til gagna málsins að öðru leyti án afmörkunar eða tilvísunar til tiltekinna gagna.

30. Að teknu tilliti til framangreinds telja sóknaraðilar engum vafa undirorpið að stefna málsins uppfylli ekki skilyrði e-liðar fyrrnefnds ákvæðis enda skorti í veigamiklum mæli á umfjöllun um þau atvik sem stefnandi telji að leiða eigi til bótaábyrgðar sóknaraðila.
31. Málalíbúnaður varnaraðila uppfylli heldur ekki skilyrði g-liðar 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála. Samkvæmt lagareglunni beri í stefnu að greina frá helstu gögnum sem stefnandi hafi til sönnunar og þeim gögnum sem hann telji að enn þurfi að afla. Tilgangur reglunnar sé að gefa stefndu einhverja mynd af því hvernig sönnunarstöðunni yrði háttað ef hann léti hjá líða að sækja þing og leggja fram gögn í málinu fyrir sitt leyti.
32. Í stefnu er aðeins vísað til takmarkaðra gagna til stuðnings málalíbúnaði varnaraðila. Með stefnu leggi varnaraðili aftur á móti fram mikið magn af öðrum skjalgum gögnum án þess þó að gera nokkra grein fyrir efni eða þýðingu þeirra fyrir málalíbúnað sinn.
33. Þessi tilhögun leiði til þess að sóknaraðilum sé gert verulega erfitt um vik að taka til varna í málinu þar sem alla sjálfstæða umfjöllun um þessi gögn skorti og þar af leiðandi þau atvik og þá háttsemi sem varnaraðili virðist telja að eigi að leiða til bótaskyldu. Þessi háttur á framlagningu gagna og skortur á lýsingu og þýðingu þeirra í stefnu samrýmist ekki ákvæði g-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.
34. Í ljósi framangreinds sé málalíbúnaður varnaraðila haldinn slíkum annmörkum að ekki verði bætt úr undir rekstri málsins. Af þeim sökum beri að vísa málinu frá dómi í heild sinni.
35. Þá séu ekki uppfyllt skilyrði fyrir því að höfða megi málið sem viðurkenningarmál en krafa varnaraðila sé viðurkenningarkrafa, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála. Umrædd lagaregla sé undantekningarregla frá þeirri meginreglu að fjárhæð skaðabóta skuli tilgreind og rökstudd í stefnu, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr. sömu laga. Í samræmi við dómaframkvæmd sé það skilyrði fyrir beitingu þessarar heimildar að sá sem höfði mál leiði nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni af nánar tilteknu tilefni, geri grein fyrir í hverju tjónið felist og hver tengsl þess séu við atvik máls.
36. Ekkert þessara skilyrða sé uppfyllt enda hafi varnaraðili hvorki leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni né gert grein fyrir því í hverju ætlað tjón felist, hvað þá tengslum þess við atvik máls, eins og áskilið er í 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála.

37. Varnaraðili vísi til sáttar Samkeppniseftirlitsins og sóknaraðilans Eimskipafélags Íslands hf. þar sem hvorki sé vikið að viðskiptum sóknaraðila né ætluðum ólögðum samráðsbrotum tengdum þeim viðskiptum. Sóknaraðilar Samskip Holding B.V. og Samskip hf. áttu þar að auki enga aðkomu að sáttinni og því hafi hún ekkert sönnunargildi um ætlaða saknæma og ólögðmæta háttsemi þeirra.
38. Sama gildi um forsendur og niðurstöður ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins sem, líkt og áður segi, hafa verið felldar úr gildi að því er varða atvik tengd viðskiptum varnaraðila og stefnda Samskipa hf.
39. Loks sé ætlað fjárhagstjón varnaraðila rökstutt með vísan til „óháð[s]“ frummat Analytics frá 21. febrúar 2024. Í umræddu frummati komi fram að Félag atvinnurekenda, Neytendasamtökin og VR hafi beðið Analytics um að rita minnisblað um tjón sem atvinnulíf og neytendur hafi orðið fyrir „vegna ólögðs samráðs Samskipa og Eimskips á árunum 2008 til 2013, sbr. skýrslu Samkeppniseftirlitsins (SE) dags. 31. ágúst sl.“. Í samræmi við ósk verkbeidda hafi frummatið byggt á „tiltölulega einfaldri nálgun“ og grundvallast „aðallega á upplýsingum úr köflum 9, 20, 33 og 35 auk viðauka á samantektarkafli“ í ákvörðuninni. Í minnisblaðinu sé áætlaður kostnaðarauki varnaraðila vegna inn- og útflutnings sagður vera rúmir þrjú milljarðar króna miðað við upplýsingar sem fram komi í ákvörðuninni um gjaldskrárhækkanir sóknaraðilans Samskipa hf. gagnvart varnaraðila. Frummat Analytics byggi ekki á gögnum úr rekstri varnaraðila heldur alfarið á umfjöllun og ályktunum í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Umfjöllunin hafi ekkert sjálfstætt sönnunargildi fyrir dómi í ljósi þess að við öflun á matinu hafi ekki verið fylgt reglum laga um meðferð einkamála og að það byggi alfarið á því sem fram komi í stjórnvaldsákvörðun lægra setts stjórnvalds sem hafi verið felld úr gildi að stórum hluta af hálfu æðra setts stjórnvalds og feli í sér einhvers konar frummat sem sé haldið ýmsum efnislegum annmörkum.
40. Í stefnu sé jafnframt með öllu vanreifað hvernig uppfyllt séu önnur skilyrði skaðabótaréttar, svo sem um orsakatengsl og sennilega afleiðingu. Þar komi einungis fram að með hinu ætlaða samráði hafi sóknaraðilar „náð að þvinga fram miklar verðhækkanir gagnvart stefnanda, sem n[á]mu allt að 131%, á sama tíma og verð á erlendum flutningamörkuðum lækkaði mikið“. Sóknaraðilum hafi í krafti hins ætlaða samráðs „tekist að viðhalda hinu háa verði í viðskiptum sínum við stefnanda“ en varnaraðili hefði ekki haft „vitneskju um að stefndu ættu í ólögðmætu samráði“. Til stuðnings þessum fullyrðingum sé sem fyrr

vísað til lýsingar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, án nánari tilgreiningar eða reifunar í stefnu.

41. Framsetning varnaraðila uppfylli ekki tilskilin réttarfarsskilyrði enda verði að gera þá kröfu að stefnandi geri grein fyrir því hvernig skilyrðum skaðabótaábyrgðar um orsakatengsl og sennilega afleiðingu sé fullnægt. Skorti verulega á slíka umfjöllun í stefnu.
42. Að teknu tilliti til framangreinds hafi varnaraðili ekki uppfyllt fyrrnefndan áskilnað 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 enda hafi hann ekki leitt nægum líkum að því að hann hafi orðið fyrir tjóni af nánar tilteknu tilefni, í hverju tjónið hafi falist og hver tengsl þess séu við atvik máls.
43. Að mati sóknaraðila séu skilyrði samlagsaðildar ekki uppfyllt. Í stefnu komi fram að kröfugerð varnaraðila sé beint gegn sóknaraðilum með vísan til 1. mgr. 19. gr. laga nr. um meðferð einkamála „enda kröfur á hendur öllum stefndu af sömu rót runnar í skilningi ákvæðisins, sem er hið ólögsmæta samráð þeirra á árunum 2008–2013“.
44. Um þetta efni sé svo nánar vísað til umfjöllunar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að fyrirtæki innan samstæðu Samskipa teljist ein efnahagsleg eining eða eitt og sama fyrirtækið í skilningi samkeppnisréttar og vísað til þess að sóknaraðilum hafi verið gert að greiða óskipt þá stjórnvaldssekt sem kveðið var á um í ákvörðuninni.
45. Í mgr. 27 í stefnu segi svo: „Beinir stefnandi kröfum sínum að sömu aðilum og sektarákvörðun SKE í máli nr. 33/2023 beindist gegn vegna sömu háttsemi og atvika, sem leiddu til þess tjóns sem krafist er viðurkenningar á bótaskyldu vegna, enda hafi hið ólögsmæta samráð byggt á sameiginlegri háttsemi allra stefndu.“
46. Í íslenskri dómaframkvæmd hafi því verið slegið föstu að skaðabótareglur íslensks réttarstandi ekki til þeirrar niðurstöðu að bótaábyrgð vegna samkeppnislagabrota verði felld á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja í skilningi 1. mgr. 37. gr. samkeppnislaga með sama hætti og á við um sektarheimildir samkeppnisyfirvalda, sbr. meðal annars *dóm Landsréttar í máli nr. 934/2018*. Samlagsaðild sóknaraðila í málinu verði því ekki reist á þeim grundvelli að sektarákvörðuninni í stjórnslumálinu hafi verið beint að báðum sóknaraðilum.

47. Ekkert samnings samband sé milli varnaraðila og sóknaraðilans Samskip Holding B.V. Í stefnu sé hvorki að finna umfjöllun né tilvísanir til gagna um ætlaða aðkomu sóknaraðila Samskip Holding B.V. að viðskiptum varnaraðila eða atvikum sem leitt gætu til ábyrgðar þess félags á ætluðu fjártjóni varnaraðila.
48. Af framangreindum sökum beri að vísa málinu frá dómi að því er varðar sóknaraðilana Samskip Holding B.V., sbr. lokamálslið 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála.

Helstu málsástæður og lagarök stefndu Eimskipafélags Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf. sem sóknaraðila

49. Þessir sóknaraðilar byggja samandregið frávísunarkröfu sína á því að *atvik, ætlað tjón, ætlað orsakasamhengi þar á milli, aðild sóknaraðilanna Eimskipafélags Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf., sem og ætluð þýðing framlagðra dómskjala fyrir málatilbúnað varnaraðila* séu svo vanreifuð að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu frá dómi. Þá sé *afmörkun hins ætlaða tiltekna skaðaverks* í dómkröfum varnaraðila ekki nægjanlega skýr svo unnt sé að fella dóm á málið og tengsl þeirrar afmörkunar við ætlað tjón hans vanreifuð með öllu. Loks sé *samhengi atvika og málsástæðna* hvorki nægilega skýrt, glöggt né tæmandi, þar sem vísað er jöfnum höndum í fjölda neðanmálgreina til annarra umfangsmikilla skjala.
50. Hvað atvik áhræri sé lýsing þeirra í stefnu einkar takmörkuð. Þannig virðist varnaraðili byggja á því að hann hafi átt í viðskiptasambandi við Samskip um sjóflutninga til og frá landinu og það félag hækkað verð til varnaraðila og í því felist tjón hans. Viðskiptasambandinu sé í engu lýst í stefnu né hvernig Samskipum hafi verið kleift að hækka verðið þrátt fyrir að í gildi hafi verið samningur félagsins við varnaraðila sem ekki verði séð að hafi heimilað einhliða verðbreytingar Samskipa. Þá er því í engu lýst hvort, hvenær eða hvernig sóknaraðilunum Eimskipafélagi Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf. hafi verið gefinn kostur á að bjóða í viðskipti varnaraðila við þetta tilefni. Ella geti þeir vart borið ábyrgð á ætluðu tjóni.
51. Engar upplýsingar sé að finna í stefnu um grundvallaratriði líkt og hvaða verð varnaraðili hafi verið að greiða Samskipum, jafnt fyrir sem eftir þá verðhækkun sem lýst er í stefnu, og til hvaða magns verðhækkunin hafi tekið. Séu því atvik með öllu vanreifuð. Þá sé umfjöllun í stefnu í beinu ósamræmi við opinberar yfirlýsingar varnaraðila þess efnis að flutningarnir hefðu orðið óarðbærir fyrir Samskip eftir hrun í innflutningi til landsins við bankahrunið og það hefði orðið gjaldþrota hefði varnaraðili krafist efnda samnings aðila.

Ljóst megi vera að bætur verði ekki sóttar á hendur sóknaraðilunum Eimskipafélagi Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf. fyrir ætlað tjón af völdum þess að viðsemjandi varnaraðila hefði ella orðið gjaldþrota. Í öllu falli hefði verið nauðsynlegt að gera grein fyrir því í stefnu hvernig svo mætti vera að mati varnaraðila. Varnaraðila hafi borið að gera skýra grein fyrir því hvaða ætlaði þáttur hins ætlaða samráðs sóknaraðila við Samskip hafi leitt til tjóns hans og þá hvernig nákvæmlega hvaða háttsemi sóknaraðilanna eigi að hafa leitt til ætlaðs tjóns varnaraðila. Ekki dugi almennar tilvísanir í stefnu til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins eða sáttar sóknaraðila við eftirlitið eigi sóknaraðilum að vera kleift að taka til varna á fullnægjandi hátt.

52. Sama gildi um ætlað tjón varnaraðila. Engir útreikningar séu lagðir fram því til stuðnings, eingöngu svonefnt *frummat* fyrirtækis að nafni Analytica. Þess hafi á hinn bóginn í engu verið getið að fyrir lá, áður en málið var höfðað, að frummatið væri *ónothæft* auk þess sem höfundar þess höfðu þá þegar lýst því yfir opinberlega að engin nákvæm grein-ingarvinna lægi því að baki. Í þessu ljósi sé ætlað tjón varnaraðila með öllu vanreifað.
53. Þá sé orsakasamhengi á milli atvika og tjóns með öllu vanreifað. Varnaraðili leggi fram dómskjal sem feli í sér samning félagsins við Samskip sem dagsettur sé 10. október 2007. Ekki verði annað ráðið af ákvæði 1 (c) samningsins um gildistíma en að félagið Samskip hafi verið bundið af þeim verðum sem þar hafi verið kveðið á um allt til 31. desember 2012. Í stefnu sé því í engu lýst af hvaða ástæðum varnaraðili féllst á verðhækkanir með viðauka sem dagsettur sé 24. nóvember 2008 þrátt fyrir skýr ákvæði samningsins. Enn síður liggi fyrir hvernig sóknaraðilarnir Eimskipafélag Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf. geti borið ábyrgð á ætluðu tjóni sem af því hafi leitt, sérstaklega þar sem ekkert verði ráðið af stefnu að þeim félögum hafi þá verið gefinn kostur á að bjóða í viðskiptin. Þá séu ekki tekin af öll tvímæli í stefnu um hvort krafist sé skaðabóta innan eða utan samninga, sem ríkt tilefni hafi þó verið til í þessu ljósi. Ekki verði annað ráðið af stefnu en að frumorsök þess ætlaða tjóns sem þar er reifað, sem sé afmarkað við hina ætluðu „allt að 131%“ hækkun, sé sú ákvörðun varnaraðila, umfram skyldu, að endursemjja við Samskip þrátt fyrir bindandi samning um hið gagnstæða.
54. Sóknaraðilarnir byggja jafnframt á því að aðild þeirra að málinu sé með öllu vanreifuð. Þannig er málsókninni beint að Eimskipafélagi Íslands hf., sem hafi verið stofnað í september 2009 og krafist viðurkenningar á tjóni vegna ætlaðra skaðatílvika sem „hófust í síðasta lagi 6. júní 2008“. Eingöngu sé vísað til aðildar að stjórnsýslumálinu sem fyrir

liggi skýrt dómafordæmi um að hafi ekki þýðingu við mat á skaðabótaábyrgð, sbr. dóm Landsréttar frá 20. desember 2019 í máli nr. 934/2018.

55. Enga viðurkenningu á ætluðu samráði í viðskiptum er hafi lotið að varnaraðila Alcoa Fjarðaál sf. sé að finna í sátt sóknaraðila við Samkeppniseftirlitið. Því sé alfarið mótmælt að unnt sé að gagnálykta á þann veg sem gert hafi verið í stefnu, að þar sem viðskipti við varnaraðila hafi ekki verið sérstaklega undanskilin í sáttinni hljóti hún að hafa tekið til þeirra. Því sé með öllu vanreifað hvernig sóknaraðilarnir Eimskipafélag Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf. beri ábyrgð á verðhækkun Samskipa til varnaraðila í andstöðu við skýr samningsákvæði milli þeirra félaga, sem eigi að hafa komið til vegna atvika sem sóknaraðilarnir hafi enga aðild átt að sem reifuð séu í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.
56. Sóknaraðilar styðji frávísunarkröfu sína einnig þeim rökum að mjög skorti á það í stefnu að lýsing málsatvika og málsástæðna sé hnitmiðuð, gagnorð og skýr, þannig að samhengi þeirra fari ekki á milli mála. Í stefnunni sé að mati sóknaraðila vaðið úr einu í annað án skýrs samhengis. Þá sé vísað í fjölda neðanmálgreina til annarra skjala, þar með talið í umfjöllun um málsástæður, sem sé ekki til þess fallið að auðvelda að henda reiður á hinu ætlaða samhengi atvika og málsástæðna. Stefndu byggja á því að þessir stefnuhættir samræmist hvorki 80. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. einkum e-lið 1. mgr., né reglum dómstólasýslunnar nr. 5/2025, þannig að frávísun málsins varði.
57. Þá sé sjálfstætt byggt á því að viðurkenningakrafa varnaraðila uppfylli ekki áskilnað 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála. Þannig sé orðalag dómkröfunnar ódómtækt, þar sem ekki sé lýst því tiltekna ætlaða skaðaverki sóknaraðila sem eigi að hafa leitt til ætlaðs tjóns varnaraðila. Raunar séu engin tengsl milli þess eina ætlaða tjóns varnaraðila sem tilgreint er í stefnu, sbr. mgr. 109 í stefnu, og kröfugerðar. Þá hafi varnaraðili ekki uppfyllt áskilnað ákvæðisins um að leiða að því nægjanlegum líkum að hann hafi orðið fyrir tjóni af völdum ætlaðrar háttsemi sóknaraðila. Ekki séð vísað til tiltekins skaðaverks en hugtakið *samráð* sé lögfræðilegt hugtak, sbr. 2. mgr. 41. gr. a í samkeppnislögum en er ekki *atvik* sem getur verið bótaskyldt, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála. Af því leiði að ekkert skaðaverk er tilgreint í kröfugerð í stefnu.
58. Loks sé framlagning dómskjala með öllu vanreifuð. Við þingfestingu málsins hafi varnaraðili lagt fram alls 73 dómskjöl, og síðan 24 til viðbótar viku síðar. Litla sem enga umfjöllun sé að finna í stefnu um inntak þeirra eða ætluð tengsl við málsástæður og kröfur varnaraðila. Er því framlagningin til þess fallin að auka enn á óskýrleikann í málalíbúnaði varnaraðila.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda, Alcoa Fjarðaáls sf.. sem varnaraðila

59. Byggt sé á því að málatalibúnaður varnaraðila sé að öllu leyti í samræmi við réttarfarslög, þar með talið ákvæði laga um meðferð einkamála, auk þess sem því sé mótmælt að sóknaraðilum sé vandi á höndum að taka til varna enda gjörþekki þeir viðfangsefnið vegna fyrri málshöfðunar auk reksturs málsins fyrir samkeppnisfyrvöldum.
60. Málið sé rekið sem viðurkenningarmál, en sönnun á því ólögsmæta samráði sem krafa varnaraðila byggir á liggir fyrir í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins en ekki síst í þeirri viðurkenningu sem felist í sátt sóknaraðilans Eimskips. Um sé að ræða afdráttarlausu og fyrirvaralausu viðurkenningu annars þátttakanda samráðsins. Sóknaraðilar hafi með háttsemi sinni valdið varnaraðila skaðabótaskyldu tjóni. Hvort samráðið hafi tekið til viðskipta við varnaraðila ráðist svo af sönnunarfærslu fyrir dómi við efnismeðferð málsins en samhengi málsástæðna og atvika málsins sé ljóst af lestri stefnu sem uppfylli þannig e-lið 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála.
61. Viðurkenningarkrafa varnaraðila styðjist bæði við almennu skaðabótaregluna um bótaábyrgð utan samninga og meginreglur skaðabótaréttarins um skaðabætur innan samninga. Varnaraðili sé stærsti álframleiðandi landsins og umfangsmesti útflytjandinn og hafi sem slíkur verið í samningssambandi við alla sóknaraðila aðra en Samskip Holding B.V. eins og fyrirliggjandi samningar milli aðila beri með sér.
62. Krafist sé viðurkenningar bótaskyldu vegna tjóns sem hafi hlotist af ólögsmætu samráði á grundvelli verkefnisins sem nefnt hafi verið *Nýtt upphaf* sem hafi falið í sér að leggja á ráðin um skerta þjónustu og flutningsgetu og skipta með sér markaðnum og þvinga þannig fram stórfelldar verðhækkanir, allt að 131%, gagnvart varnaraðila. Það sé rangt að atvik málsins séu ekki skýrð út í stefnu, í hverju hin ólögsmæta háttsemi hafi falist og hvaða tjón hún hafi haft í för með sér.
63. Hvað framlagningu gagna snerti sé hún fullnægjandi og í samræmi við skilyrði g-liðar 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála. Horfa verði líka til þess að sá sem verður fyrir samkeppnisbroti eigi oft í erfiðleikum með að afla sönnunargagna í samráðsmálum þar sem þau gögn séu oft ekki aðgengileg fyrir þann aðila. Slíkt sé einmitt raunin í þessu máli þar sem varnaraðili hafi verið háður Samkeppniseftirlitinu um afhendingu gagna sem ekki hafi öll verið á reiðum höndum þegar málið var þingfest þannig að hluti málgagna varnaraðila hafi verið lagður fram að stuttum fresti liðnum. Það hafi á hinn bóginn ekki valdið sóknaraðilum neinum réttarspjöllum þannig að það sé tilefni til að

vísa málinu frá dómi, auk þess sem þeir hafi ekki hreyft andmælum þegar frestur hafi verið veittur og því hafi mótmæli þeirra komið of seint fram og beri af þeim sökum að hafna.

64. Byggt sé á því að skilyrðum 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála sé fullnægt til að höfða mál þetta sem viðurkenningarmál enda lögvarðir hagsmunir fyrir hendi. Hvað aðild sóknaraðila snerti telji varnaraðili ljóst, með vísan til skriflegra samninga aðila, að þeir hafi átti í nokkuð umfangsmiklu samningssambandi við varnaraðila á því tímabili sem hið ólögmæta samráð hafi staðið og samráð hafi byggt að stóru hluta á þessum skriflegu samningum, að undanskildum sóknaraðilanum Samskip Holding B.V. Þótt svo hátti til að varnaraðili hafi ekki verið í beinu samningssambandi við sóknaraðilann Samskip Holding B.V. sé á því byggt að það félag hafi verið beinn þátttakandi í hinu ólögmæta samráði, lagt á ráðin um það og notið fjárhagslegs ábata af því, enda félagið móðurfélag sóknaraðilans Samskipa hf. Varnaraðili hafi þannig lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr því hvort háttsemi sóknaraðila í þeim viðskiptum hafi bakað þeim skaðabótaábyrgð. Sátt sóknaraðilans Eimskips við Samkeppniseftirlitið 16. júní 2021 staðfesti að lögvarðir hagsmunir séu fyrir hendi.
65. Af framangreindri sátt, ákvörðun Samkeppniseftirlitsins og staðfestingu áfrýjunarnefndarinnar leiði að nægar líkur hafi verið leiddar að því að sóknaraðilar hafi valdið varnaraðila skaðabótaskyldu tjóni. Brot gegn lögum séu traustasti grundvöllur skaðabótakröfu sem hugsast geti, enda í raun einungis sóknaraðilinn Samskip sem mótmæli því að brotið hafi verið gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Því hafi verið slegið föstu í dómum að samráðsbrot séu til þess fallin að valda neytendum og atvinnulífi tjóni.
66. Á þessum grunni hafi varnaraðili leitt nægar líkur að því að orsakasamhengi sé milli þess tjóns sem hann telji sig hafa orðið fyrir og atvika málsins. Þannig hafi verið samnings-sambandi til að dreifa, samskipti milli sóknaraðilanna hafi verið mikil og regluleg, svo liggi sátt sóknaraðilans Eimskip fyrir, auk þess sem mörg dómskjöl sem liggi fyrir beri samráði aðila skýrt vitni. Þá séu fyrirliggjandi sterkar vísbendingar um fjárhagslegan ávinning sóknaraðila af samráðsbrotum þeirra en í slíkum tilvikum hafi sönnunarbyrði verið snúið við fyrir dómstólum. Fyrir liggi útreikningur hlutlauss aðila sem sé ótengdur varnaraðila, Analytica, þar sem fram komi að fjárhagstjón varnaraðila nemi rúmlegar þremur milljörðum króna.
67. Hvað orðalag dómkröfu varnaraðila snerti sé það skýrt og ljóst hvers sé verið að krefjast. Hægt sé að taka kröfuna upp í dómsorð í heild eða að hluta. Orðalag sé það sama og í

sátt sóknaraðilans Eimskips við Samkeppniseftirlitið en það sé svo dómsins að leggja mat á að hvaða marki eigi að taka kröfuna til greina að öllu leyti eða hluta.

68. Hvað varði kröfur gagnvart sóknaraðilanum Samskip Holding B.V. sé skilyrðum samlagsaðildar samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála fullnægt en samkvæmt því ákvæði megi sækja kröfur á hendur fleiri aðilum sem eigi rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings en samningssamband sé ekki lagaskilyrði. Kröfur á hendur öllum sóknaraðilum séu af sömu rót runnar sem sé hið ólögmdæta samráð. Í stefnu sé að finna umfjöllun og tilvísanir til gagna sem leitt gætu til bótaábyrgðar þessa tiltekna aðila en kröfur á hendur honum byggi á almennu skaðabótareglunni um bótaskyldu utan samninga. Jafnframt beri að horfa til þess að ef talið yrði að ósannað væri að hann hefði átt hlut þar að máli myndi það leiða til sýknu vegna aðildarskorts á grundvelli 16. gr. laganna en ekki frávísunar.
69. Loks sé aðild sóknaraðilanna Eimskipafélag Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf. ekki vanreifuð. Krafa varnaraðila á hendur þeim byggi á sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið frá 16. júní 2021 en sú sátt sé undirrituð af forstjóra Eimskipafélags Íslands hf. fyrir hönd þess félags og líka tengdra félaga, þar á meðal Eimskip Ísland ehf. Sáttin, þar með talin sektargerðin, taki til allra þeirra alvarlegu brota sem sé lýst á tímabilinu öllu, 2008–2013, og ábyrgðar vegna þeirra og samráðsbrot sem framin hafi verið fyrir 2009 séu ekki undanskilin. Því sé sérstaklega mótmælt að sáttin undanskilji á einhvern hátt viðskipti þessara aðila við varnaraðila. Sáttin jafngildi samningi sem sóknaraðilunum sé ekki unnt að víkja sér undan, sbr. dóm Landsréttar í máli nr. 934/2018, efnisgrein 39. Sóknaraðilinn Eimskipafélag Íslands hf. hafi tekið á sig samningsskuldbindingu þar með þannig að um bótaskyldu innan samninga sé að ræða sem félaginu sé ekki tækt að víkja sér undan.

Niðurstaða

70. Fyrirmæli 1. mgr. 80. gr. og 95. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála miða að því að tryggja að ljóst sé á frumstigi dómsmáls með hvaða röksemdum og í meginatriðum á hvaða gögnum stefnandi hyggst styðja kröfur sínar. Ákvæði 80. gr. laganna um efni stefnu eiga sér ekki þann tilgang að tryggja stefnda rétt til að kynna sér málatilbúnað stefnanda í því skyni að eiga þess sanngjarnan kost að verjast kröfum hans að því er alla þætti þeirra varðar. Sóknaraðilar telja málatilbúnað varnaraðila vera með þeim hætti að ekki sé fullnægt þessum áskilnaði og þeim sé gert verulega erfitt um vik að grípa til varna.

71. Í greinargerðum sóknaraðila, sem lúta aðeins að frávísunarþætti málsins með heimild í 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991, eru hafðar uppi margvíslegar athugasemdir við mála-tilbúnað varnaraðila sem sóknaraðilar telja að varði frávísun málsins frá dómi. Meðal þess sem sóknaraðilar benda á er að sameiginleg aðild til varnar sé vanreifuð sem varði eitt og sér frávísun málsins. Óskýrleiki sé um afmörkun bótagrundvallar gagnvart hverjum og einum sóknaraðila sem bæði sé vísað til að kunni að lúta að skaðabótaskyldu utan samninga og innan samninga. Að auki sé afar takmörkuð grein gerð fyrir því hvaða athafnir sóknaraðila eða atvik grundvalli þá bótaskyldu.
72. Með dómkröfu sinni krefst varnaraðili „... þess að viðurkennd verði með dómi óskipt skaðabótaábyrgð stefndu á tjóni sem stefnandi varð fyrir vegna brota stefndu gegn banni 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssamninginn, við ólögsmætu samráði með samningum og samstilltum aðgerðum sem hófust í síðasta lagi 6. júní 2008 og lauk árið 2013 og fólust í eftirfarandi aðgerðum, öllum eða hluta þeirra.“ Í dómkröfunni eru síðan taldar upp í sex tölulíðum aðgerðir sem svo eru nefndar og felast í hátternislýsingum sem hefjast á orðunum *samráð*, sbr. efnisgrein 2 hér að framan. Þessir tölulíðir eiga sér beina skírskotun til sáttar sem sóknaraðilinn Eimskipafélag Íslands hf. gerði við Samkeppnis- eftirlitið 16. júní 2021, sbr. efnisgrein nr. 10 hér að framan. Eini efnislegi munurinn er að orðin „við Samskip“ hafa verið felld út úr upptalningunni í dómkröfunni enda henni ætlað að ná til allra sóknaraðila eftir því sem fram hefur komið af hálfu varnaraðila.
73. Sérstaklega er mælt fyrir um í 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála að sá, sem hafi lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands, geti leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnum án tillits til þess hvort honum væri þess í stað unnt að leita dóms, sem fullnægja mætti með aðför.
74. Í dómaframkvæmd hefur verið byggt á því, sbr. til dæmis úrskurð Landsréttar frá 8. mars 2022 í máli nr. 796/2021, að ef neyta eigi þessarar heimildar til að leita dóms einungis um viðurkenningu á skaðabótaskyldu verði meðal annars að tiltaka nákvæmlega hver valdið hafi ætluðu tjóni, hvernig það hafi verið gert og hvernig fullnægt sé skilyrðum um orsakasamband milli tjóns og athafna eða aðgerðaleysis tjónvalds.
75. Í þessu máli hefur varnaraðili leitast við að nýta sér framangreinda heimild með því að krefjast viðurkenningar á bótaskyldu sóknaraðila vegna þess tjóns sem þeir hafi valdið honum með tilgreindum aðgerðum, „öllum eða hluta þeirra“, svo sem tekið er til orða í

stefnu. Í þessari umfjöllun í stefnu er ekki nánar afmarkað hverjir sóknaraðila falli undir orðið *þeir*, í málalíbúnaði varnaraðila.

76. Sé fyrst vikið að forsendum þess að varnaraðili beinir kröfum sínum að sóknaraðilum á það fyrst og fremst rót að rekja til niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins með ákvörðun nr. 33/2023 sem fól meðal annars í sér þá afmörkun að tvær efnahagslegar einingar sem stofnunin nefndi annars vegar *Eimskip* og hins vegar *Samskip* hefðu staðið að ólögsmætu samráði sín á milli á árabílinu 2008 til og með 2013. Þessi afmörkun á aðild að máli sem til meðferðar er hjá Samkeppniseftirlitinu á sér stoð í ákvæðum samkeppnislaga, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og felur í sér heimildir stofnunarinnar til afmörkunar á þeim sem til skoðunar eru hverju sinni, meðal annars vegna gruns um ólögsmætt samráð til að hindra samkeppni. Um er að ræða lagaheimild sem þessi opinbera stofnun hefur til þess að varpa ljósi á hvort um slíka ólögsmæta háttsemi sé að ræða sem bregðast verði við og eftir atvikum refsar fyrir.
77. Um er að ræða sérstaka skilgreiningu sem á einvörðungu við í úrlausnum stofnunarinnar eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019 þar sem því var slegið föstu að hugtakið fyrirtæki í samkeppnisrétti sætti sjálfstæðri skýringu og vísaði til efnahagslegrar einingar fremur en lögformlegrar, meðal annars með vísan til dóms Hæstaréttar 27. nóvember 2014 í máli nr. 112/2014. Skilgreint er í dómi Hæstaréttar að um efnahagslega einingu sé að ræða í tilviki móðurfélags og dótturfélags þegar hið síðarnefnda hafi ekki raunverulegt frelsi til að ákveða aðgerðir sínar á markaði. Gengið er svo langt í niðurstöðu réttarins að því er slegið föstu að löglíkur séu fyrir því að félög séu þegar þannig hátti til ein efnahagsleg eining í skilningi samkeppnislaga og teljist eitt og sama fyrirtækið í skilningi 37. gr. þeirra. Samkeppnisyfírvöldum hafi í slíkum tilvikum verið játuð heimild til að leggja sekt á móðurfélagið fyrir brot dótturfélagsins á 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Eðlilegt sé talið að sá sem á endanum hafi arð af starfsemi brotlegs fyrirtækis hljóti viðurlög vegna brotsins.
78. Einkaaðilar, líkt og varnaraðili, sem telja sig hafa orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni vegna háttsemi sem Samkeppniseftirlitið hefur metið sem ólögsmæta geta ekki hagnýtt þessa lagaheimild eða byggt á framangreindri túlkun Hæstaréttar til að beina kröfugerð óskipt að einstökum fyrirtækjahópum sem stofnunin hefur skilgreint á þennan máta.
79. Fullnægja þarf kröfum laga um meðferð einkamála um samlagsaðild, sbr. 19. gr. laganna, um að kröfur varnaraðila á hendur hverjum og einum af sóknaraðilum eigi rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Þannig þarf að liggja fyrir hvernig hver og einn

sóknaraðila tengist sakarefninu svo að þessum áskilnaði 19. gr. sé fullnægt. Með vísan til e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála má ekki heldur orka tvímælis hvaða athafnir og/eða athafnaleyfi viðkomandi aðila leiði til skaðabótaskyldu á grundvelli skaðabótaréttar og þá hvort það sé á grundvelli sakarreglu byggt á bótaskyldu utan samninga eða sökum þess að um skaðabótaskylda háttsemi innan samninga sé að ræða þar sem brotið hafi verið gegn samningsskyldum. Þeim mun brýnna er að þessum áskilnaði laga sé fullnægt þegar höfð er uppi krafa um óskipta skaðabótaábyrgð ótengdra aðila. Varnaraðili verður þannig að afmarka hvernig hver og einn af sóknaraðilum hafi með háttsemi sinni eða athafnaleyfi valdið honum tjóni.

80. Meðal fjögurra sóknaraðila eru tveir sem njóta sérstöðu hvor á sinn hátt. Annars vegar er það Samskip Holding B.V. en óumdeilt er að það félag var ekki í samningssambandi við varnaraðila á því tímabili sem rannsókn Samkeppniseftirlitsins beindist að vegna árábilsins 2008 til 2013. Hins vegar liggur hlutrænt fyrir að fyrirtækið sem ber nafnið Eimskipafélag Íslands hf. var stofnað árið 2009, eftir þau atvik sem áttu sér stað sumarið 2008 sem skilgreint er að hafi markað upphaf þess tímabils sem stofnunin tók til rannsóknar og varnaraðili byggir á í dómkröfu að hafi hafist í síðasta lagi 6. júní það ár. Í stefnu málsins er takmörkuð grein gerð fyrir því hvaða málsatvik liggja málsókn á hendur þessum tveimur til grundvallar, þar á meðal hvernig Eimskipafélag Íslands hf. geti borið ábyrgð á þeirri háttsemi sem átti sér stað á árinu 2008. Að mati dómsins nægir varnaraðila ekki að vísa almennum orðum til niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins, um að stofnunin hafi slegið ólögsmætu samráði þessara aðila föstu eins og að framan er rakið.
81. Varnaraðili leggur í stefnu nálgun Samkeppniseftirlitsins til grundvallar um háttsemi annars vegar *Samskip* og hins vegar *Eimskip* án þess að greina hvaða félög sem falla innan hvorrar nafngiftar hafi átt aðild að bótaskyldri háttsemi og hvernig sú háttsemi hafi leitt til tjóns fyrir varnaraðila. Þessar nafngiftir eru síðan hagnýttar í öllum aðalatriðum í umfjöllun um málsástæður varnaraðila og þannig enginn greinarmunur gerður á einstökum lögaðilum varðandi það hvað hver og einn þeirra kann með athöfnum sínum eða athafnaleyfi að hafa til sakar unnið svo skaðabótaskyldu varði.
82. Í þessu sambandi verður að horfa til þess að því hefur þegar verið slegið föstu fyrir dómstólum, sbr. dóm Landsréttar í máli 934/2018 frá 20. desember 2019, að ekki verður talið að skaðabótareglur íslensks réttar standi til þeirrar niðurstöðu að bótaábyrgð vegna samkeppnislagabrota verði felld á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja í skilningi 1. mgr. 37. gr. laga nr. 44/2005 með sama hætti og við á um sektarheimildir samkeppnisyfirvalda. Á

sú aðstaða við gagnvart sóknaraðilunum Samskip hf. og Samskip Holding S.A. Að sama bruni ber að mati dómsins hvað varðar stjórnvaldssátt þá sem sóknaraðilinn Eimskipafélag Íslands hf. undirgekkst. Að mati dómsins standa ekki rök til þess að sú niðurstaða máls hjá Samkeppniseftirlitinu að því ljúki með stjórnvaldssátt hafi önnur réttaráhrif í þessu samhengi en stjórnvaldssekt sem hin opinbera stofnun kann að leggja á fyrirtæki. Annað og meira þarf til að koma, svo sem samningsskuldbinding þar sem viðkomandi fyrirtæki hafi undirgengist slíka ábyrgð. Engin gögn hafa verið lögð fram sem skjóta stoðum undir slíkan málalíbúnað.

83. Með hliðsjón af framangreindu verður ábyrgð sóknaraðila á meintu tjóni varnaraðila ekki studd við það að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins og sátt stofnunarinnar hafi slík réttaráhrif. Eftir stendur á hinn bóginn hvort bótaskylda hvers og eins sóknaraðila, byggt á einkaréttarlegum reglum skaðabótaréttar innan samninga eða utan samninga eftir atvikum, komi til álita sjálfstætt án þess að henni verði slegið fastri með beinni skírskotun og á grundvelli þessara tveggja úrlausna Samkeppniseftirlitsins.
84. Því ber að halda til haga að varnaraðili byggir á að sóknaraðilinn Samskip Holding B.V. hafi ekki verið í samningssambandi við hann. Þess í stað er staðhæft að sóknaraðilinn hafi lagt á ráðin um samráð, verið beinn þátttakandi í skipulagningu þess og notið fjárhagslegs ábata af því sem móðurfélag sóknaraðilans Samskipa hf. Í stefnu er vísað til þriggja funda sem forsvarsmenn þessa sóknaraðila hafi sótt á árinu 2008. Ráða má af málalíbúnaði varnaraðila, meðal annars við málflutning um frávísunarkröfu þessa sóknaraðila, að byggt væri á almennu skaðabótareglunni um bótaábyrgð utan samninga hvað þennan aðila snerti. Þótt ekki sé fjölyrt ítarlega í málalíbúnaði varnaraðila um það á hvaða forsendum þessum sóknaraðila er stefnt ætti aðilanum ekki að vera skotaskuld úr því að halda uppi vörnum á þessum forsendum en málsástæður er lúta að aðildarskorti leiða til sýknu ef á þær er fallist, sbr. 16. gr. laga um meðferð einkamála.
85. Ráða má af málalíbúnaði varnaraðila að hann hafi í fjórgang gert samninga við sóknaraðilann Samskip hf. á tímabilinu 10. október 2007 til og með 6. mars 2013 eins og rakið er í efnisgrein 14 hér að framan. Þá er rakið í efnisgreinum 16 og 17 hvaða samninga varnaraðili hefur lagt fram sem hann hefur gert við nokkra aðila sem Samkeppniseftirlitið felldi undir samheitið *Eimskip*. Af þeim samningum virðist mega ráða að þar sé annars vegar um að ræða samninga um hafnarþjónustu og hins vegar samninga um flutningsþjónustu. Að auki er staðhæft að varnaraðili hafi gert munnlega samninga um einstaka flutninga en engin gögn þar að lútandi eru lögð fram. Allir þessir samningar eru á ensku

án þýðinga. Svo virðist af málatilbúnaði varnaraðila sem hann telji sóknaraðila, aðra en Samskip Holding B.V., hafa skapað sér skaðabótaskyldu innan samninga með vísan til þessara samninga. Í ljósi þessarar afmörkunar verður ekki fallist á þann málatilbúnað sóknaraðila að óljóst sé og vanreifað á hverju aðild sóknaraðila byggi.

86. Eins virðist mega ráða af dómkröfu varnaraðila að hann telji sóknaraðila hafa valdið sér óskiptu skaðabótaskyldu tjóni með saknæmri og ólögmætri hegðun með *samráði*. Þeim málatilbúnaði til stuðnings er vísað til margnefndrar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins. Á hinn bóginn er engin grein gerð fyrir því á hvern hátt sóknaraðilar hafi haft samráð sín á milli sem hafi leitt til tjóns varnaraðila og óskiptrar ábyrgðar á því. Ekkert liggur fyrir um hvaða háttsemi eða athafnaleysi leiddi til tjóns né hlutur hvers og eins meðal sóknaraðila. Það eina sem bent er á í þessu tilliti er samningur sem varnaraðili gerði við sóknaraðilann Samskip hf. 24. nóvember 2008 sem fól í sér umtalsverða breytingu frá samningi sem þessir aðilar höfðu gert 10. október 2007 en sá samningur var með gildistíma til 31. desember 2012. Fyrirnefndi samningurinn virðist hafa verið umtalsvert óhagstæðari varnaraðila, bæði lotið að flutningi á minna magni af framleiðsluvörum varnaraðila og fyrir mun hærra verð og hefur 131% verðhækkun verið nefnd í því samhengi. Ekki er gerð grein fyrir því á hvern hátt það hafi komið til að samningi sem bundinn var um gildistíma til 2012 var breytt og á hvern hátt sóknaraðilinn Samskip hf. stuðlaði að þeirri breytingu og þá væntanlega með ólögmætum hætti með ótilgreindum athöfnum og/eða athafnaleysi. Enn síður liggur fyrir á hvern hátt aðrir sóknaraðilar hafi stuðlað að þessari samningsgerð með saknæmum og ólögmætum hætti.
87. Ekkert liggur síðan fyrir um á hvern hátt sóknaraðilarnir Eimskipafélag Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf. stuðluðu að því að nefndum samningi var breytt, hvað þá að það hafi verið gert með ólögmætum hætti. Í stefnu er í engu reifað hvernig aðrir skriflegir samningar aðila, sem taldir eru upp hér framar, hafi mótast af því ólögmæta samráði sem Samkeppniseftirlitið taldi vera til staðar milli sóknaraðila og varnaraðili byggir á að hafi verið til staðar. Að sama bruni ber um þá munnlegu samninga sem sóknaraðilarnir Eimskipafélag Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf. eiga að hafa gert.
88. Loks verður í þessu sambandi ekki framhjá því litið að sá hængur er einnig á málatilbúnaði varnaraðila að niðurstaða Samkeppniseftirlitsins hefur sætt endurskoðun hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála sem komst að þeirri niðurstöðu hvað varðar álitafni tengd varnaraðila að sóknaraðilar hefðu ekki staðið að ólögmætu samráði í tengslum við viðskipti sín við varnaraðila. Í málatilbúnaði sínum hefur sóknaraðili gert afar takmark-

aða grein fyrir því á hverju sú afstaða hans byggist að niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar sé röng. Því er slegið fram að niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar sé haldin alvarlegum annmörkum, byggi á forsendum sem ekki standist og sé því röng. Engin grein er þó gerð fyrir slíkum annmörkum og forsendum sem eigi að vera rangar. Þess í stað hefur varnaradili jafnvel vísað með mjög almennum orðum til umfjöllunar og öndverðrar niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins. Komist er svo að orði í stefnu að ólögsmætu samráði sé ítarlega lýst í ákvörðun eftirlitsins og vísað til nánar tiltekinnna kafla í þeirri ákvörðun án þess að greina hvað það er efnislega sem þar beri að horfa til. Er gengið svo langt í stefnu að vísað er í tiltekna kafla í ákvörðun eftirlitsins og svo sagt að vísað sé dómkröfum „til stuðnings til þeirrar umfjöllunar og forsendna ákvörðunar SKE í máli nr. 33/2023 að öðru leyti“. Málatilbúnaður af þessu tagi hefur áður komið til kasta dómstóla. Má í því sambandi vísa til dóms Hæstaréttar frá 31. janúar 2013 í máli nr. 437/2012 þar sem því var slegið föstu að með málatilbúnaði sem þessum hafi stefnendur ekki aðeins brotið mjög gegn ákvæði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, sem felur í sér að greina verði málsástæður á tæmandi hátt í stefnu, heldur hafi þeir sett málatilbúnað sinn í slíkan búning að dómstólum er fyrimunað að henda reiður á hvaða málsástæðum þeir reisa málsókn sína í raun á.

89. Í e-lið 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála er kveðið á um að í stefnu máls beri að greina þær „málsástæður sem stefnandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, en þessi lýsing skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið er“. Af lagaákvæði þessu verður dregin sú ályktun að ekki þarf að reifa út í hörgul hvert það atvik sem átt hefur sér stað í áralöngum samskiptum aðila, eins og hér stendur á, en gera þarf grein fyrir því á gagnorðan og skýran hátt hvaða framganga og atvik á vegum sóknaraðila hafi átt sér stað sem leiði til bótaskyldu í skaðabótamáli sem þessu. Ekki síst er þetta mikilvægt þegar um viðurkenningarmál er að ræða án tilgreiningar á tilteknu tjóni. Fyrir liggur að varnaraðila brást bogalistin í þessum efnunum.
90. Þá verður ekki hjá því komist að gera athugasemd við dómkröfu varnaraðila sem er næsta óljós að inntaki. Er þar ekki síst til þess að líta að hinni saknæmu háttsemi sem krafist er bóta fyrir er lýst með afar óljósum hætti. Eins og dómkrafan er orðuð er hvergi afmarkað hvaða atvik í tengslum við samninga þeirra sóknaraðila sem þó voru í samningssambandi við varnaraðila hafi valdið varnaraðila því tjóni sem hann krefst bóta fyrir. Þá eru talin upp tilvik í sex tölulíðum í dómkröfunni sem eiga að hafa falið í sér aðgerðir sem skil-

greindar séu sem samráð. Töluliðir þessir eru sóttir í sátt sóknaraðilans Eimskipafélags Íslands hf. við Samkeppniseftirlitið. Fyrir liggur að ekki kemur fram í dómkröfunni að sú háttsemi sem greind er í töluliðunum hafi beinst að varnaraðila enda felur dómkrafan í sér fyrirvara þar að lútandi. Þar er tekið fram að ólögmætar aðgerðir, sem hafi hafist í „síðasta lagi“ á tilgreindum degi í júní 2008 og lokið á árinu 2013 án nánari tilgreiningar á lokum aðgerðanna, hafi falist í þessum töluliðum, „öllum eða hluta þeirra“, eins og það er orðað í dómkröfunni. Við málflutning var reifað af hálfu varnaraðila að þetta hafi verið sett svona fram í stefnu þar sem óvissa gæti verið um einstakar aðgerðir og dóminum þannig tækt með þessari framsetningu að leggja þá háttsemi til grundvallar sem sönnuð þætti.

91. Í framangreindum úrskurði Landsréttar í máli nr. 796/2021 er rakin sú framsetning kröfu að vísað væri til að tjóni væri valdið með athöfnum og athafnaleysi. Fyrir liggur að krafa máls þessa er einnig sett fram með valkvæðum hætti og raunar gengið lengra en raunin var í úrskurði Landsréttar þar sem valkvætt er hvort allar *aðgerðir* sem varnaraðili kallar svo eða hluti þeirra kunni að leiða til bótaskyldu. Eins og dómkrafan er orðuð er í raun ekki afmarkað hvaða atvik í tengslum við framkvæmd samninga milli aðila hafi valdið varnaraðila því tjóni sem hann krefst bóta fyrir né á hvern hátt sóknaraðilar hafi brotið gegn samningsskyldum sínum. Er krafan því á sambærilegan hátt og í nefndum úrskurði réttarins í senn of óljós og óákveðin til þess að efnisdómur verði lagður á hana, sbr. meginreglu d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála. Hún er hvorki nógu skýr né ákveðin til að unnt væri að taka hana óbreytta upp í dómsorð yrði á hana fallist, sbr. til hliðsjónar úrskurð Landsréttar 22. mars 2024 í máli nr. 127/2024.
92. Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu að málatilbúnaður varnaraðila stríðir bæði gegn d- og e-lið 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála er óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá dómi í samræmi við kröfur sóknaraðila.
93. Í ljósi framangreindrar niðurstöðu verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðilum málskostnað, sbr. 2. mgr. 130. laga um meðferð einkamála. Málskostnaður verður ákveðinn að álitum annars vegar með hliðsjón af mjög miklu umfangi málsins og því að gagnaframlagning hefur ekki verið svo markviss sem rök hefðu staðið til en hins vegar er horft til þess að sóknaraðilar lögðu einvörðungu fram greinargerðir til stuðnings kröfum sínum um að málinu yrði vísað frá dómi. Hverjum sóknaraðila fyrir sig verður dæmdur málskostnaður eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

94. Sigurður Kári Kristjánsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Hörður Felix Harðarson lögmaður og Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður fyrir stefndu.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Alcoa Fjarðaál sf., greiði stefndu Samskipum hf., Samskip Holding B.V., Eimskipafélagi Íslands hf. og Eimskip Ísland ehf., hverjum fyrir sig 600.000 krónur í málskostnað.